

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 10. september 2024

Mál nr. E-269/2024:

**A,**  
**vegna B,**  
(Jón Stefán Hjaltalín Einarsson lögmaður)  
**gegn**  
**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**  
(Teitur Gissurarson lögmaður)

## Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 29. ágúst 2024, höfðaði A vegna ólögráða dóttur sinnar, B, fæddrar [...], [...], með stefnu birtri 11. janúar 2024, á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., [...], til viðurkenningar á fullri og óskertri bótaskyldu vegna afleiðinga slyss sem hún varð fyrir 30. ágúst 2014.
- Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda úr ábyrgðartryggingu sem sé hluti af Fjölskylduvernd 3, sem váttryggingartaki, C, kt. [...], hafi verið með í gildi hjá stefnda á slysdegi, vegna slyss sem stefnandi hafi orðið fyrir þann 30. ágúst 2014 á heimili váttryggingartaka að [...]. Þá krefst stefnandi þess einnig að stefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu, að mati dómsins eða samkvæmt framlagðri vinnuskýrslu, auk virðisaukaskatts, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað að mati dómsins.

## Málavextir

- Málsaðilar eru sammála um að stefnandi hafi orðið fyrir slysi 30. ágúst 2014, þegar hún hafi verið í umsjá ömmu sinnar, en stefnandi var þá eins árs og [...] mánaða gömul.

- 5 Um tildrög slyssins segir orðrétt í stefnu: „Tildrög slyssins voru á þann veg að þegar váttryggingartaki hafði lokið við að gefa stefnanda hádegismat leyfði hún barnabarni sínu að hlaupa um og leika sér í eldhúsinu á meðan hún sjálf vaskaði upp og gekk frá eftir matinn. Stefnandi gaf váttryggingartaka merki um að hún væri þyrst og rétti þá váttryggingartaki barninu vatnsglas úr gleri til að drekka úr. Stefnandi hélt áfram að hlaupa um íbúðina með brothætt glas í höndunum án þess að amma barnsins gerði nokkrar tilraunir til að tryggja öryggi barnsins. Eftir skamma stund missti stefnandi jafnvægið og féll í gólfið með þeim afleiðingum að glasið brotnaði í höndunum á henni. Stefnandi hlaut við slysið djúpan skurð á vinstri hendi og hlaut alvarlegan áverka á þumalfingri.“
- 6 Bæði móðir stefnanda, sem jafnframt er fyrirsvarsmaður hennar í málinu samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, og amma stefnanda gáfu skýrslu við aðalmeðferð málsins fyrir dómi. Lýsingar þeirra voru sannast sagna mjög ólíkar lýsingu á aðdraganda slyssins í stefnu. Amma stefnanda lýsti atvikum nánar með þeim hætti fyrir dóminum að eftir að hafa kvatt annað heimilisfólk að morgni þessa dags, að loknum morgunverði, hafi hún sest að nýju við morgunverðarborðið. Stefnandi hafi þá komið að læri hennar og beðið um að fá að drekka. Kvaðst amman hafa rétt henni það glas sem stefnandi hafði drukkið úr fyrir þennan morgun, sem hafi verið mjólkurglas frá IKEA. Stefnandi hafi þá snögglega og fyrirvaralaust snúið sér í hálfhring frá borðinu, tekið eitt til tvö skref í átt frá borðinu og fallið fram fyrir sig, með þeim afleiðingum að mjólkurglasið, sem stefnandi hélt á, hafi mölbrotnað og stefnandi skorist á vinstri hendi. Kvaðst amman hafa áttað sig á að um djúpan skurð væri að ræða, vafið viskastykki um hönd barnsins og hringt á sjúkrabíl.
- 7 Stefnandi var í kjölfar slyssins flutt á bráðamóttöku Sjúkrahússins á Akureyri þar sem hún var skoðuð. Við skoðun á slysideild kom í ljós að sin og taug í hendinni hafði rofnað. Gekkst hún í framhaldi af því undir skurðaðgerð og aftur þann 2. júní 2016, þar sem reynt var að losa um samvexti í kringum sinina eftir áverkann og fyrri aðgerðina. Samkvæmt stefnu býr stefnandi enn í dag við veruleg óþægindi í hendinni eftir slysið, sem há henni við margar daglegar athafnir.
- 8 Með bréfi, dags. 19. júlí 2021, krafðist stefnandi bóta úr ábyrgðartryggingu sem afi hennar hafði keypt hjá stefnda, á þeim forsendum að slys hennar mætti rekja til saknæmrar háttsemi váttryggingartaka. Stefnandi hafnaði bótaskyldu 30. júlí 2021 með þeim rökum að slysið yrði rakið til óhappatilviljunar en ekki til saknæmrar háttsemi

vátryggingartaka. Stefnandi skaut málinu til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum 19. október 2021, sem staðfesti niðurstöðu stefnda með úrskurði 30. nóvember sama ár, í máli nr. 388/2021.

### **Helstu málsástæður stefnanda**

- 9 Stefnandi kveðst höfða mál þetta til viðurkenningar á bótaskyldu vegna líkamstjóns. Stefnandi hafi mikla hagsmuni af því að skorið sé úr tilvist og efni kröfu sinnar á hendur stefnda, enda hafi afleiðingar slyssins haft veruleg áhrif á líkama hennar og líf og fyrirséð að afleiðingarnar séu varanlegar. Vátryggingartaki beri skaðabóta-ábyrgð á slysinu, enda megi rekja orsök þess til aðstæðna sem vátryggingartaki beri ábyrgð á. Ábyrgð vátryggingartaka sé byggð á meginreglum íslensks skaðabótaréttar, einkum sakarreglunni.
- 10 Stefnandi byggir á því að vátryggingartaki hafi ekki sýnt af sér þá varkárni sem ætlast hafi mátt til af „henni“ sem umönnunaraðila ungs barns, þegar „hún“ hafi rétt barninu glerglas og leyft því að hlaupa um með brothætt glasið í höndunum. Hegðun vátryggingartaka í aðdraganda slyssins sé í ósamræmi við það sem telja verði viðurkennda háttsemi við umönnun ungra barna. Miðað við aldur barnsins hefði verið rétt að láta það hafa glas úr plasti eða öðru hættuminna efni.
- 11 Telur stefnandi að meta verði hegðun vátryggingartaka í ljósi þess að „hún“ hafi mikla þekkingu og reynslu af umönnun og þörfum barna, bæði sem fjögurra barna móðir og sem menntaður grunnskólakennari með mikla starfsreynslu. Vátryggingartaka hafi mátt vera ljós sú augljósa hættu sem stafað hafi af því að leyfa svo ungu barni að hlaupa eftirlitslausu með glerglas í höndunum, en látið barnið afskiptalaust, eftir að hafa afhent því glasið, og engar ráðstafanir gert til að tryggja öryggi þess, né til að minnka líkur á því að það færi sér að voða.
- 12 Af hálfu stefnanda er vísað til þess að hún hafi verið greind með flogaveiki og ofvirkni. Vátryggingartaka hafi á slysdegi verið kunnugt um heilsufar barnabarns síns og því verið sérstaklega mikilvægt að fylgjast með barninu og tryggja öryggi þess. Vátryggingartaki hafi mátt gera sér grein fyrir því að háttsemi „hennar“ fæli í sér hættu á tjóni og „henni“ hafi borið að leiða hugann að hættueiginleikum háttsemi sinnar. Vátryggingartaki hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í umrætt sinn og bein orsakatengsl séu á milli háttseminnar og tjóns stefnanda.

- 13 Stefnandi telur eigin sök ekki koma til álita í máli þessu, þar sem hún hafi aðeins verið tæplega tveggja ára er slysið varð.

### **Helstu málsástæður stefnda**

- 14 Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að sök „hinnar vátryggðu ömmu“ sé með öllu ósönnuð. Sönnunarbyrði um orsök tjónsins hvíli á stefnanda. Telur stefndi að slys stefnanda megi rekja til óhappatilviljunar og hafnar því að stefnandi hafi sýnt fram á að amma hennar hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að rétta henni vatn í glerglasi. Til þess að um saknæma háttsemi geti verið að ræða þurfi sá sem slíku haldi fram að sýna fram á að einhver hafi valdið tjóninu af saknæmu gáleysi, sem og að meintur tjónvaldur hafi vitað eða mátt vita að háttsemi hans myndi valda tjóni, en virt það að vettugi.
- 15 Stefndi hafnar því að stefnandi hafi sýnt fram á að „hin vátryggða amma“ hafi vitað eða mátt vita að það að rétta dótturdóttur sinni vatn í glerglasi myndi leiða til þess að barnið myndi detta með glasið, brjóta það og skera sig á hendi. Þá hafi ekki verið sýnt fram á að „hin vátryggða amma“ hafi brotið einhverjar hlutlægar reglur með háttsemi sinni.
- 16 Stefndi hafnar því einnig að stefnandi hafi sýnt fram á að tjón hennar hafi verið sennileg afleiðing af háttsemi vátryggðs, sem sé nauðsynleg forsenda skaðabóta-ábyrgðar. Stefndi telur að tjón stefnanda hafi alls ekki verið sennileg afleiðing af þeirri háttsemi vátryggðs að hafa rétt barnabarni sínu vatn í glerglasi. Verði það að teljast mjög ósennileg afleiðing.

### **Niðurstaða**

- 17 Málsaðilar eru sem fyrr segir sammála um að stefnandi hafi orðið fyrir slysi 30. ágúst 2014, er glerglas brotnaði í höndum hennar á meðan hún var í umsjá ömmu sinnar, með þeim afleiðingum að hún hlaut áverka á vinstri hendi. Líkt og rakið er hér að framan og fram kemur í gögnum málsins var stefnandi til meðferðar á Sjúkrahúsinu á Akureyri í kjölfar slyssins. Gekkst hún þar meðal annars undir skurðaðgerðir hjá D, sérfræðingi í bæklunar- og handarskurðlækningum, á árunum 2014 og 2016.
- 18 Í greinargerð stefnda er því ekki andmælt að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna umrædds slyss. Ekkert er aftur á móti fjallað um eðli eða umfang meints tjóns stefnanda í greinargerðinni, ekki frekar en í stefnu málsins, heldur aðeins sagt að

stefnandi hafi ekki sýnt fram á að tjón hennar hafi verið sennileg afleiðing af háttsemi váttryggðs. Þá hefur stefndi ekki andmælt því að áskilnaði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um lögvarða hagsmuni stefnanda hafi verið fullnægt eins og hér stendur á. Dóminum ber þó engu að síður, og óháð afstöðu stefnda, að taka afstöðu til þess með sjálfstæðum hætti hvort svo sé.

*Um það hvort skilyrðum 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 sé fullnægt*

- 19 Í læknisvottorði E heimilislæknis, dags. 9. júní 2023, sem frammi liggur í málinu, er vísað til þess að fyrir liggi nóta, dags. 18. maí 2021, þar sem send hafi verið tilvísun til F handarskurðlæknis í Orkuhúsinu. Fram kemur í vottorði heimilislæknisins að í bréfinu hafi því verið lýst að stúlkan fengi sterkar verkjapílur í fingurinn, sérlega í kulda, og ör yrðu bleik og fingurinn alveg hvítur. Jafnframt er í vottorði heimilislæknisins vísað til bréfs F, dags. 10. ágúst 2021, sem sagt er að hafi innihaldið mat hans um að óljóst væri með árangur af hugsanlegri aðgerð og því rétt að bíða með frekari ákvörðun um það. Umræddri tilvísun og svarbréfi F handarskurðlæknis er hvorki lýst í stefnu né hafa þessi gögn verið lögð fram fyrir dómi.
- 20 Í áður nefndu læknisvottorði E heimilislæknis er því einnig lýst að við skoðun hans á stefnanda 25. apríl 2023 hafi mátt sjá að vinstri þumall og þumalsvæði stefnanda sé mun rýrara en hægra megin. Beygjugeta sé sömuleiðis veikari í vinstri þumlinum en í þeim hægri, til dæmis við að klemma þumalgóminn við vísifingursgóminn. Þá sé svolítið skert rétting á fremsta þumalliðnum, um það bil 30° miðað við þann hægri, en beygjugeta sé þokkaleg. Þá séu skurðör yfir þumalsvæðinu lófamegin.
- 21 Þeir læknar sem komið hafa að máli stefnanda og nefndir hafa verið hér að framan hafa ekki verið leiddir fyrir dóminn sem vitni í málinu. Hefur dóminum því ekki gefist færi á að spyrja þá frekar út í afleiðingar nefnds slyss og batahorfur stefnanda, eða ætlað tjón hennar til framtíðar litið. Lýsing stefnanda á afleiðingum slyssins er auk þess afar rýr í stefnu og aðeins fullyrt að hún „[búi] enn í dag við veruleg óþægindi í hendinni eftir slysið sem [hái] henni við margar daglegar athafnir“. Þá eru „afleiðingar slyssins“ sagðar hafa haft „veruleg áhrif á líkama hennar og líf og fyrirséð að afleiðingarnar [séu] varanlegar“.
- 22 Þrátt fyrir fátæklega umfjöllun um hagsmuni stefnanda af málssókn þessari í stefnu og greinargerð málsaðila og þrátt fyrir að engin gögn hafi verið lögð fram til staðfestingar á fjártjóni stefnanda þykir ekki nægt tilefni til að vísa kröfu stefnanda frá dómi

ex officio, á þeim forsendum að stefnandi hafi ekki sýnt fram á það fyrir dómi að hún hafi lögvarða hagsmuni af því að hafa uppi viðurkenningarkröfu í málinu, sbr. nefnda 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Verður þvert á móti að telja líklegt, með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum málsins, sem þó eru takmörkuð eins og áður segir, að stefnandi hafi fært fyrir því nægjanleg rök að líkur séu fyrir því að hún hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna framangreinds slyss. Verður því lagður efnislegur dómur á málið.

*Um váttryggingartaka og grundvöll bótaábyrgðar*

- 23 Stefnandi beinir kröfum sínum að stefnda á grundvelli ábyrgðartryggingar. Dómkrafa stefnanda ber með sér að nafngreindur maður hafi verið váttryggingartaki nefndrar tryggingar, þ.e. Fjölskylduverndar 3, sem samkvæmt stefnu innifelur meðal annars ábyrgðartryggingu. Hvorki þeim manni né tryggingunni sjálfri eru þó gerð frekari skil í stefnunni. Er hins vegar óumdeilt að afi stefnanda hafi verið váttryggingartaki þeirrar tryggingar sem um ræðir. Af stefnu og greinargerð í málinu verður þó ekki ráðið að afinn hafi gert neitt rangt, eða eftir atvikum átt nokkurn þátt í umræddu slysi stefnanda.
- 24 Þrátt fyrir framangreint er í stefnu og málskoti til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum margsinnis og ranglega vísað til háttsemi „váttryggingartaka“ til grundvallar fyrir ábyrgð stefnda. Af samhenginu virðist þó mega ráða að átt sé við ömmu stefnanda, en ekki við afa hennar, þ.e. að byggt sé á því að ætluð sök ömmunnar sé grundvöllur ábyrgðar stefnda en ekki ætluð sök afans. Fær sú skýring einnig stoð í bréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 19. júlí 2021, og svari stefnda frá 30. sama mánaðar, sem og í skýringum lögmanns stefnanda fyrir dómi. Eins og áður segir var amma stefnanda hins vegar ekki váttryggingartaki nefndrar tryggingar, heldur afinn.
- 25 Stefnandi útskýrir með engum hætti í stefnu hvernig afi hennar beri ábyrgð á meintri saknæmri háttsemi ömmu hennar, né heldur hvernig meint saknæm háttsemi ömmu hennar falli undir ábyrgðartryggingu stefnda. Þá hefur hvorugur aðila hirt um að leggja fram ábyrgðarskilmála þeirrar tryggingar sem málið varðar, eða váttryggingarskírteini, auk þess sem ekkert er um þetta fjallað í greinargerð stefnda. Það er því erfiðleikum bundið fyrir dóminn að leggja sjálfstætt mat á þessi atriði, þar sem útskýringar og gögn skortir til að það sé unnt.

- 26 Að mati dómsins hefur framangreint þó ekki úrslitabýðingu í málinu, að teknu tilliti til þess hvernig málið hefur verið lagt fyrir dóminn af hálfu stefnda, sem ekki hefur mótmælt því að umrætt slys stefnanda falli undir ábyrgðarskilmála nefndrar tryggingar afans hjá stefnda, að því gefnu að skilyrði um sök, orsakasamband og sennilega afleiðingu séu uppfyllt. Stefndi hefur þvert á móti ítrekað vísað til ömmunnar sem „hinnar váttryggðu ömmu“.
- 27 Að því virtu, og að öðru leyti með hliðsjón af málatilbúnaði stefnda í málinu, virðist vera óumdeilt á milli aðila að hafi amma stefnanda sýnt af sér saknæma háttsemi, og tjón stefnanda verið sennileg afleiðing af þeirri háttsemi, þá sé um að ræða slys sem stefnda beri að bæta á grundvelli nefndrar tryggingar afa stefnanda hjá stefnda. Er stefndi bundinn við þann málatilbúnað sinn, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

*Um meinta sök ömmu stefnanda og önnur skilyrði bótaábyrgðar*

- 28 Málatilbúnaður stefnanda verður samkvæmt framansögðu ekki skilinn á annan veg en þann að krafa hennar um viðurkenningu bótaskyldu sé á því byggð að amma hennar hafi ekki sýnt af sér þá varkárni sem ætlast hafi mátt til af henni, sem umönnunaraðila ungs barns, þegar hún hafi á slysdegi, er stefnandi var eins árs og [...] mánaða gömul, rétt henni glerglas og leyft henni, eftirlitslaust, að „hlaupa“ um með brothætt glasið í höndunum. Hegðun ömmunnar í aðdraganda slyssins hafi verið í ósamræmi við það sem telja verði viðurkennda háttsemi við umönnun ungra barna. Ömmunni hafi, meðal annars í ljósi menntunar sinnar og reynslu og að teknu tilliti til vitneskju sinnar um að stúlkan hafði verið greind með flogaveiki og ofvirkni, mátt vera ljós sú augljósa hættu sem stafað hafi af þeim aðstæðum sem stefnandi hafi verið í. Amma barnsins hafi hins vegar látið það afskiptalaust, eftir að hafa afhent því glasið, og engar ráðstafanir gert til að tryggja öryggi þess, né til að minnka líkur á því að það færi sér að voða.
- 29 Stefnandi byggir mál sitt á sakarreglunni og almennum reglum skaðabótaréttar. Sönnunarbyrði um skilyrði bótaskyldu samkvæmt sakarreglunni, þ.m.t. að tjóni hafi verið valdið með saknæmum og ólögætum hætti og að orsakatengsl séu á milli tjóns og hinnar saknæmrar háttsemi, svo og að tjónið hafi verið sennileg afleiðing háttseminnar, hvílir alla jafna á þeim er slíku heldur fram. Stefnandi ber samkvæmt þessu sönnunarbyrði um að bótaskilyrði séu fyrir hendi sem og halla af sönnunarskortu í málinu, sé um hann að ræða.

- 30 Eins og rakið er hér að framan, í málavaxtahluta dómsins, ber lýsingum á aðdraganda slyss stefnanda engan veginn saman, ef bornar eru saman annars vegar lýsing á mála- vöxtum í stefnu og hins vegar framburðir móður og ömmu stefnanda fyrir dómi. Eðli máls samkvæmt verður að telja að framburðir fyrir dómi hafi meira vægi í því sam- hengi heldur en lýsing á málavöxtum í stefnu.
- 31 Að mati dómsins hefur það ekki grundvallarþýðingu fyrir úrslit málsins þótt slys stefnanda hafi orðið við lok morgunverðar á heimili ömmu hennar en ekki að loknum hádegisverði, líkt og í stefnu greinir. Þá skiptir eigi heldur máli þótt amman hafi ekki verið að vaska upp er hún rétti stefnanda glasið, líkt og haldið er fram í stefnu. Á sama hátt skiptir ekki máli hvert innihald glassins var, en misræmi var á milli stefnu og þess sem fram kom í framburði móður stefnanda fyrir dómi hvað það varðaði.
- 32 Á hinn bóginn er grundvallarmunur á þeirri háttsemi sem lýst er í stefnu, að leyfa barni „að hlaupa um og leika sér í eldhúsinu“ og að leyfa barninu að hlaupa áfram „um íbúðina með brothætt glas í höndunum“, eftirlitslaust og án þess að gera „nokkrar tilraunir til að tryggja öryggi barnsins“, annars vegar, og hins vegar því að rétta barni, sem stendur við hlið ömmu sinnar við matarborð, glerglas til að drekka úr, sem svo snýr sér snögglega og fyrirvaralaust frá matarborðinu, tekur eitt til tvö skref fram á við og dettur. Verður síðar nefnda lýsingin lögð til grundvallar dómi í málinu, í stað lýsingar í stefnu, enda byggð á trúverðugum framburði ömmu stefnanda fyrir dómi.
- 33 Að mati dómsins er ekki hægt að draga þá almennu ályktun, í eitt skipti fyrir öll, að sú háttsemi að láta tæplega tveggja ára barn hafa glerglas til að drekka úr jafngildi sök þess sem það gerir, ef slys verður. Meira verður þar til að koma, svo að bóta- ábyrgð stofnist. Skoða verður hvert og eitt tilvik sérstaklega og aðstæður allar. Samkvæmt því sem fram kom fyrir dómi er enda ekki á því byggt af hálfu stefnanda, í það minnsta ekki einu og sér, að það eitt að rétta eins árs og [...] mánaða gömlu barni glerglas til að drekka úr feli í sér saknæma háttsemi, heldur að sú heildarháttsemi ömmu stefnanda að afhenda henni glerglas og leyfa henni að hlaupa, eða ganga um, með glasið í höndunum, án eftirlits, feli í sér aðgæsluleysi og brot á umönnunarskyldum ömmunnar.
- 34 Í því samhengi og að virtri lýsingu ömmu stefnanda á slysi hennar og aðdraganda þess verður hvorki fallist á að amma stefnanda hafi leyft henni að hlaupa eða ganga

um með glerglas í höndunum. Þá verður ekki heldur fallist á að stefnandi hafi verið án eftirlits hjá ömmu sinni er slysið varð. Samkvæmt framburði ömmunnar fyrir dómi var fyrirvarinn til að grípa inn í atburðarásina umræddan morgunn stuttur. Mátti skilja að sekúndur eða jafnvel sekúndubrot hafi liðið frá því stefnandi sneri sér frá matarborðinu, með glasið í höndunum, tók eitt til tvö skref fram á við og féll fram fyrir sig, með þeim afleiðingum sem að framan greinir. Miðað við það verður ekki séð að amma stefnanda hafi átt þess kost að grípa inn í atburðarásina og fyrirbyggja þannig slys. Þá verður ekki fallist á að það eitt að halda ekki við barnið við borðið, eða að halda í glasið á meðan barnið drykki úr því, feli í sér saknæma háttsemi af hálfu ömmunnar.

- 35 Að framangreindu virtu verður að telja ósannað að amma stefnanda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í aðdraganda slyss hennar, með því að afhenda henni glerglas og láta hana afskiptalaus og gera engar ráðstafanir til að tryggja öryggi hennar, né til að minnka líkur á því að barnið „færi sér að voða“, líkt og það er orðað í stefnu, enda ekkert sem styður að sú hafi verið raunin. Verður þvert á móti að telja að um óhappatilvik hafi verið að ræða, sem engum verði kennt um.
- 36 Þá er því sömuleiðis hafnað að orsakatengsl hafi verið á milli meintrar saknæmrar háttsemi ömmu stefnanda og slyss hennar, sem og að slys stefnanda hafi verið sennileg afleiðing af háttsemi ömmunnar. Eins er ósannað að ofvirkni stefnanda eða flogaveiki hafi átt nokkurn þátt í slysi hennar. Verður stefnandi sem fyrr segir að bera halla af sönnunarskorti um þau atriði, sem og önnur.
- 37 Eru þegar af framangreindum ástæðum ekki uppfyllt skilyrði sakarreglunnar til að amma stefnanda geti borið skaðabótaábyrgð á tjóni hennar á grundvelli þeirrar reglu. Þar sem óumdeilt er á milli aðila að það sé forsenda bótaskyldu stefnda að amma stefnanda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í greint sinn, þá verður þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda úr þeirri tryggingu sem í dómkröfunni greinir, sem afi stefnanda hafði sem fyrr segir tekið hjá stefnda, svo og af öðrum kröfum hennar í málinu.
- 38 Að virtum úrslitum málsins og málatilbúnaði aðila, svo og með vísun til 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, þykir rétt að hvor aðili um sig beri sinn kostnað í málinu. Er málskostnaður því felldur niður á milli aðila.

- 39 Móðir stefnanda, A, nýtur gjafsóknar vegna máls þessa, sbr. gjafsóknarleyfi, dags. 28. mars 2022. Verður að skilja umrætt gjafsóknarleyfi með þeim hætti að það taki til máls sem hún höfðar í nafni stefnanda vegna slyss hennar 30. ágúst 2014, enda sérstaklega vísað til slyss þann dag í gjafsóknarleyfinu sjálfu, þótt ekki sé minnst á stefnanda í leyfinu. Samkvæmt því greiðist allur gjafsóknarkostnaður stefnanda úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns hennar, Jóns Stefáns Hjaltalín Einarssonar lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 600.000 krónur. Í samræmi við dómvenju er málflutningsþóknun lögmanns stefnanda ákveðin án virðisaukaskatts, sbr. til hliðsjónar úrskurð Landsréttar frá 22. janúar 2019 í máli nr. 7/2019.
- 40 Af hálfu stefnda flutti málið Teitur Gissurarson lögmaður.
- 41 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, B, í málinu.

Málkostnaður fellur niður á milli aðila.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns hennar, Jóns Stefáns Hjaltalín Einarssonar lögmanns, 600.000 krónur.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson